

Nd.

840. Breytingartillögur

við frumv. til laga um fasteignamat.

Frá nefndinni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórn-um skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbein-ingar við mat fasteigna.

2. Í 14. gr. fyrir »jarðabók« komi:
fasteignabók.